

Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

GÆDAKRÖFUR Í JANÚAR 2010

Opinberar kröfur um gæði hrámjólkur voru óbreyttar frá 1. júlí 2006 til 31. janúar 2010. Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og verðbætur vegna gæðapátta í janúar 2010 koma fram í eftirfarandi töflu.

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur voru skv. eftirfarandi töflu frá 1. júlí 2006 til 31. janúar 2010:

| Gæðapáttur | Rannsóknartíðni | Flokkar | Mörk | Umbun í kr/líttra og skerðing í % af afurðastöðvaverði | Kr/líttra, 1. júl 06 |
|---|--|------------------------|---|--|---|
| Frumutala <i>1000 frumur/ml</i> | 1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar ¹ | 1A 1 2 3 | - 220 221 - 400 401 - 500 501 - | + 1,0 kr/litr ² 0 -5% -18% ³ | + 1,00 ² 0,00 -2,27 -8,18 |
| Líftala, Bactocan <i>1000 einingar/ml</i> | 1 sinni í viku, einstök mæling gildir ⁴ | 1A 1 2 3 4 | - 40 41 - 400 401 - 600 601 - 3000 3001 - | + 1,0 kr/litr ² 0 -4% -9% -15% | + 1,00 ² 0,00 -1,82 -4,09 -6,82 |
| Lyfjaleifar ⁵ | A.m.k. 1 sinni í mánuði | 1A 1 2 | Verður að standast kröfur um 1. fl. Engar mælanlegar leyfar Mælanlegar leyfar | + 1,0 kr/litr ² 0 -15% | + 1,00 ² 0,00 -6,82 |
| Hitapólin líftala ⁶ <i>1000, einingar/ml</i> | Eftir þörfum | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. - 5 6 - 25 26 - | + 1,0 kr/litr ² 0 0 0 | + 1,00 ² 0 0 0 |
| Kuldapólin líftala ⁶ <i>1000 einingar/ml</i> | Eftir þörfum | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. - 25 26 - 100 101 - | + 1,0 kr/litr ² 0 0 0 | + 1,00 ² 0 0 0 |
| Líftala loftfælinna dvalargróa ⁶ | Eftir þörfum | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. Enginn vöxtur Vöxtur eftir 48-72 klst Vöxtur á fyrstu 48 klst | + 1,0 kr/litr ² 0 0 0 | + 1,00 ² 0 0 0 |
| Lykt og bragð ⁶ | Eftir þörfum | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. Engin prufa með lyktar-/bragðgalla Greinilegur lyktar-/bragðgalli Áberandi lyktar-/bragðgalli | + 1,0 kr/litr ² 0 0 0 | + 1,00 ² 0 0 0 |

¹ Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.

² Innvigtuð mjólk mánaðarins er A mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.

³ 18% (m.v. afurðast.verð) að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð eða oftar í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem þar koma á eftir í þriðja flokki um 54%.

⁴ Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg mánaðarins. Ef t.d. 4 mælingar falla í 2. fl. þá leggjast verðfellingarnar saman og verða 4%+4%+4%+4%=16% m.v. afurðast.verð. Mjólkurstöð tekur ekki við mjólk frá framleiðanda ef faldmeðaltal reglubundinna mælinga undangenginna 2 mánaða fer upp fyrir 600 þúsund einingar/ml.

⁵ Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð auk þess sem innlegg mánaðarins er verðfellt um 15% af afurðastöðvaverði.

⁶ Þar sem þessar mælingar eru gerðar.

GÆDAKRÖFUR FRÁ 1. FEBRÚAR 2010

Nýjar reglur nr 52/2010 um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleifa og frírra fitusýra tóku gildi 1. febrúar 2010. Einnig voru samþykktar nýjar reglur um A-mjólk og A-mjólkurgreiðslur sem tóku gildi um sama leiti. Frá og með 1. febrúar 2010 voru gerðar eftirfarandi breytingar á gæðakröfum til hrámjólkur:

1. Heimilað var að taka fleiri en eitt sýni í viku til mælinga á gæðapáttum með svipuðum hætti og gert hefur verið með lyfjaleifar. Séu tekin fleiri en eitt sýni í viku skal lakasta niðurstaðan gilda fyrir vikuna nema vegna lyfjaleifa þá telur hvert sýni.
2. Vegna líftölu gildir einstök mæling en verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Þannig er hver vika reiknuð sér með tilliti til líftölu í mánaðaruppgjörinu í stað þess að áður hafði hver vikumæling áhrif á uppgjör alls mánaðarins. Til samræmis hækkaði verðskerðingarhlutfallið. Til áréttingar er bent á að

einungis er það magn sem innvígtað er í viðkomandi viku verðfellt vegna líftölu. Efri flokkamörk fyrir 1. flokk vegna líftölu lækkuðu úr 400 þús niður í 200 þús. Efri flokkamörk fyrir 2. flokk vegna líftölu lækkuðu úr 600 þús niður í 400 þús.

- Ef í mjólk finnast lyfjaleifar þá verðfellið vikuinnleggið um 60% í stað þess að áður var mánaðarinnleggið verðfellt um 15%. Hins vegar ef um fleiri en eitt tilfelli er að ræða innan mánaðarins þá verðskerðist mánaðarinnleggið um 15% fyrir hvert tilfelli.
- Ný flokkun tók gildi vegna frírra fitusýra (FFS). Reiknað er faldmeðaltal mánaðar. Efri mörk fyrir 1. flokk eru 1,1 og efri mörk fyrir 2 flokk er 1,8. Verðskerðing vegna FFS tók ekki gildi fyrr en 1. janúar 2011 og er 5% vegna 2. flokks og 15% vegna 3 flokks.

Frá og með 1. febrúar 2010 urðu eftirfarandi breytingar á flokkun og greiðslum vegna A-mjólkur:

Reiknað er beint meðaltal mánaðar vegna líftölu í stað þess að hver mæling gildi áður. Á móti voru mörk fyrir 1. flokk A færð niður í 25.000 fyrir meðaltalið í stað 40.000 hver einstök mæling. Greiðslur vegna A-mjólkur eru nú 2% af afurðastöðvaverði í stað þess að vera föst 1 króna á lítra. Er þar með búið að tengja greiðslur vegna A-mjólkur við verðbreytingar afurðastöðvaverðs. Flokkun vegna frírra fitusýra höfðu fyrst áhrif á greiðslur vegna A-mjólkur frá og með 1. janúar 2011.

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur eru skv. eftirfarandi töflu frá 1. febrúar 2010:

| Gæðapáttur | Rannsóknartíðni | Flokkar | Mörk | Umbun og skerðing í % af afurðastöðvaverði |
|---|--|------------------------|--|--|
| Frumutala <i>1000 frumur/ml</i> | 1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar ¹ | 1A 1 2 3 | - 220 221 - 400 401 - 500 501 - | + 2% ² 0 -5% -18% ³ |
| Líftala, Bactocan <i>1000 einingar/ml</i> | 1 sinni í viku, einstök mæling gildir ⁴ | 1A 1 2 3 4 | - 25 26 - 200 201 - 400 401 - 3000 3001 - | + 2% ² 0 -16% -36% -60% |
| Lyfjaleifar ⁵ | A.m.k. 1 sinni í mánuði | 1A 1 2 | Verður að standast kröfur um 1. fl. Engar mælanlegar leyfar Mælanlegar leyfar | + 2% ² 0 -60% |
| Hitapólin líftala ⁶ <i>1000, einingar/ml</i> | Eftir þörfum | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. - 5 6 - 25 26 - | + 2% ² 0 0 0 |
| Kuldapólin líftala ⁶ <i>1000 einingar/ml</i> | Eftir þörfum | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. - 25 26 - 100 101 - | + 2% ² 0 0 0 |
| Líftala loftfælinna dvalargróa ⁶ | Eftir þörfum | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. Enginn vöxtur Vöxtur eftir 48-72 klst Vöxtur á fyrstu 48 klst | + 2% ² 0 0 0 |
| Lykt og bragð ⁶ | Eftir þörfum | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. Engin prufa með lyktar-/bragðgalla Greinilegur lyktar-/bragðgalli Áberandi lyktar-/bragðgalli | + 2% ² 0 0 0 |
| Fríar fitusýrur ⁷ | 1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar | 1A 1 2 3 | Verður að standast kröfur um 1. fl. - 1,1 1,2 - 1,8 1,9 - | + 2% ² 0 -5% -15% |

¹ Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðar meðaltal vegna flokkunar.

² Innvígтуð mjólk mánaðarins er A mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.

³ 18% (m.v. afurðast.verð) að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð eða oftar í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem þar koma á eftir í þriðja flokki um 54%.

⁴ Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Ef fleiri en ein reglubundin mæling er gerð í viðkomandi viku þá gildir lakari mælingin. Fyrir flokkun í A-mjólk er reiknað beint meðaltal mánaðarins.

⁵ Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð auk þess sem innlegg viðkomandi viku er verðfellt um 60% af afurðastöðvaverði.

⁶ Þar sem þessar mælingar eru gerðar.

⁷ Ný flokkun frá 1. febrúar 2010 einungis notuð til ráðgjafar til 31. desember 2010 en þá taka verðskerðingar gildi.